

Miðvikudaginn 25. júní 1958.

Nr. 78/1958. **Magnús Thorlacius f. h. Russel M. Arthur**
 gegn
Gústaf A. Sveinssyni f. h. Thelma De Costa
Neilsen.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kært ákvæði um ómaksþóknun.

Dómur Hæstaréttar.

Björn Ingvarsson, lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Það athugast, að varnaraðili, sem áður bar nafnið Arthur, ber nú nafnið Neilsen, eftir því sem segir í greinargerð lögmanns hennar hér fyrir dómi.

Sóknaraðili hefur með kæru 22. maí 1958 skotið til Hæstaréttar málskostnaðarákvæði héraðsdómsins. Krefst hann þess, að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kr. 12.806.00 í málskostnað í héraði og auk þess kostnað af kæru þessari.

Varnaraðili krefst staðfestingar á málskostnaðarákvæði héraðsdóms og kærúmálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Samkvæmt gögnum máls þessa eru báðir málsaðiljar ríkisborgarar Bandaríkja Norður-Ameríku, og hefur hvorugt þeirra fasta búsetu á Íslandi. Varnaraðili er sögð heimilisföst í Honolulu á Hawaii, en sóknaraðili er í liði Bandaríkjanna, sem hér dvelst vegna framkvæmda á varnarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951, og fer um réttarstöðu hans hér á landi samkvæmt viðbæti við nefndan samning frá 8. maí 1951, sbr. lög nr. 110/1951. Lögskipti þau, sem aðalmálið var risið af, gerðust með málsaðiljum í Bandaríkjunum. Verður ekki séð, eins og aðalmálinu var háttað samkvæmt framansögðu, að það hafi átt undir lögsögu íslenzkra dómstóla. Frávisun frá héraðsdómi kemur þó ekki nú til greina, þar sem málið hefur þegar verið fellt niður í héraði.

Með því að sóknaraðili lét sækja dómþing í héraði af sinni hálfu samkvæmt stefnu, ber honum ómaksþóknun úr hendi varnaraðilja, og þykir hún nægilega hátt ákveðin í héraðsdómi. Verður krafa hans í kærumáli þessu því ekki tekin til greina.

Samkvæmt þessari niðurstöðu telst rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 700.00.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um ómaksþóknun á að vera óraskað.

Sóknaraðili, Magnús Thorlacius, f. h. Russel M. Arthur, greiði varnaraðilja, Gústaf A. Sveinssyni f. h. Thelma De Costa Neilsen, kr. 700.00 í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Keflavíkurflugvallar 20. maí 1958.

Mál þetta var tekið til dóms 8. þ. m.

Með stefnu, dagsettri 19. júní 1957, höfðar Gústaf A. Sveinsson hrl., Reykjavík, fyrir hönd frú Thelmu De Costa Arthur, til heimilis Honululu, Hawaii, mál þetta var fyrir aukadómþingi Keflavíkurflugvallar á hendur Russel M. Arthur, í 1400 Transportation Squadron, Keflavíkurflugvelli, til greiðslu á framfærslulífeyri með fyrrverandi konu sinni, stefnanda, og tveggja barna þeirra, Charles G. Arthur, fæddur 12. maí 1945 og Wellene M. Arthur, fædd 11. maí 1946, alls að upphæð \$ 7.335.00 auk 6% ársvaxta frá stefnubirtingu, er var 21. júní 1957, til greiðsludags og greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur sótt þing í máli þessu og Magnús Thorlacius hrl. verið lögmaður hans.

Hefur stefndi krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað eftir mati dómsins.

Lögmenn málsaðilja hafa sótt eða látið sækja hér dómþing 27. júní, 6. september 3. október, 31. október og 28. nóvember á árinu 1957 og 28. marz 1958, en er dómþing var háð 8. þ. m., sótti lögmaður stefnanda eigi þing né tilkynnti lögmaðet forföll. Krafðist

lögmaður stefnda þá, að málið yrði hafið og honum dæmdur málskostnaður samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, alls kr. 12.806.00.

Þar sem lögmaður stefnanda hefur eigi sótt þing og ekki tilkynnt lögmæt forföll, verður krafa lögmanns stefnda tekin til greina og málið hafið, sbr. 1. mgr. 118. greinar og 2. tölulið 119. greinar laga nr. 85/1936.

Stefndi hefur sjö sinnum látið sækja þing í máli þessu og þykja ómaksbætur (málskostnaður) honum til handa, þar með tekið tillit til ferðakostnaðar lögmanns hans hingað úr Reykjavík, hæfilega ákveðnar kr. 3.500.00.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppsögu dóms þessa vegna embættisanna.

Því dæmist rétt vera:

Mál þetta er hafið.

Stefnandi, Thelma De Costa Arthur, greiði stefnda, Russel M. Arthur, ómaksbætur, kr. 3.500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. júní 1958.

Nr. 210/1957. X (Einar Ásmundsson hrl.)

gegn

Y (Sigurður Ólason hrl.).

og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Björn Ingvarsson, lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. nóvember 1957 að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m. Hann krefst þess, aðallega að honum verði dæmd sýkna, en til vara, að úrslit málsins verði lätin velta á synjunareiði hans.